

Fimmtudagurinn 17. september 1998 kl. 12:00

115. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 31/1998

**Kvörtun Eðalvara ehf. yfir merkingum á umbúðum
ginsengs frá Il Hwa sem dreift er af Logalandi ehf.**

I.

Erindið

Með símbrefi til Samkeppnisstofnunar, dags. 21. apríl 1998, kvarta Eðalvörur ehf. yfir texta á umbúðum ginsengs sem framleitt er af kóreska fyrirtækinu Il Hwa og dreift er af Logalandi ehf. Á umbúðunum segir m.a.:

„Il Hwa Ltd. Co., ræður yfir 70% alls útflutnings á kóresku ginsengi og 60% af allri ræktun ginsengs í Kóreu.“

Í erindinu kemur fram að Eðalvörur telja að fullyrðingin um umsvif Il Hwa standist ekki. Til stuðning þessari skoðun sendi fyrirtækið með erindi sínu afrit af símbrefi frá Kóresku viðskiptaskrifstofunni í Ósló (Korea Trade Center, Oslo). Í símbrefinu segir m.a. að rautt ginseng sé best ginseng afurða. Jafnframt segir að stærsta fyrirtækið í ræktun og útflutningi ginsengs í Kóreu sé Korea Tobacco & Ginseng Corp. Fyrirtækið sé í eigu kóreska ríkisins og flytji út um helming alls ginsengs frá Kóreu.

II.

Málsmeðferð

1.

Samkeppnisstofnun sendi, þann 22. apríl 1998, bréf til Logalands þar sem óskað var eftir upplýsingum sem staðfestu fullyrðingarnar sem fram koma á umbúðum ginsengsins frá Il Hwa. Þetta var gert með vísan til 21. gr. samkeppnislaga.

2.

Samkeppnisstofnun barst svar frá Logalandi, dags. 8. maí sl., þar sem vitnað er til ýmissa upplýsinga og samskipta fyrirtækjanna tveggja, Logalands og Il Hwa. Af bréfaskriftum má m.a. sjá að Il Hwa hefur samþykkt þá fullyrðingu sem sett er fram á íslensku umbúðunum um umsvif fyrirtækisins. Þá er meðal gagna bæklingur um framleiðsluvörur Il Hwa þar sem m.a. segir að Il Hwa ráði yfir 70% útflutnings af ginsengi. Meðal þeirra útflutningsvara sem taldar eru upp í bæklingnum eru ginseng hylki en um þau segir að þau innihaldi hvítt kóreskt ginseng duft.

3.

Samkeppnisstofnun hafði nú undir höndum misvísandi upplýsingar um umsvif fyrirtækisins Il Hwa. Annars vegar voru upplýsingar frá Il Hwa og hins vegar frá Kóresku viðskiptaskrifstofunni í Ósló.

Með bréfi, dags. 22. maí 1998, tilkynnti Samkeppnisstofnun Logalandi að verulegur vafi léki á sannleiksgildi fullyrðinganna á umbúðum ginsengsins. Vísað var m.a. til þess að þau gögn sem Logaland hafði lagt fram væru öll frá framleiðanda vörunnar og því ekki hlutlaus. Samkeppnisstofnun fór fram á að viðkomandi merkingu umbúðanna yrði hætt nú þegar eða þar til Logaland gæti fært fullnægjandi sönnur á mál sitt. Jafnframt var Logalandi gefið tækifæri til að koma að athugasemdum.

4.

Með bréfi, dags. 26. júní 1998, gerir Logaland athugasemdir við afgreiðslu Samkeppnisstofnunar frá 22. maí.

Í athugasemdum Logalands kemur fram að fyrirtækið hafði samband við Kóresku viðskiptaskrifstofuna í Ósló. Fram kemur að þar á bæ sé engin ástæða talin til að rengja upplýsingar um magn útflutnings Il Hwa þrátt fyrir að þær séu frá framleiðandanum komnar.

Afrit símbréfs Kóresku viðskiptaskrifstofunnar fylgdi athugasemdum Logalands og þar segir m.a. að stærð framleiðanda sé ekki þýðingarmikil, meira máli skipti hvar ginsengið sé ræktað. Fram kemur að ginseng sé flokkað í t.d. rautt og hvítt ginseng eftir framleiðsluaðferð. Þá segir að í Kóreu séu margir framleiðendur og útflytjendur ginsengs bæði í einkaeign og ríkiseign. Il Hwa sé eitt af stóru fyrirtækjunum á þessum markaði. Einnig er í símbréfinu vitnað til

bæklings Il Hwa en þar segi að Il Hwa ráði yfir stórum hluta útflutningsmarkaðarins fyrir hvítt ginseng og að hlutur Il Hwa sé um 70%.

Síðan segir m.a. í athugasemdum Logalands:

„Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á að útflutningur umbjóðenda okkar Il Hwa Co. Ltd. er eingöngu á hvítu ginsengi. Hins vegar er útflutningur Korean Tobacco & Ginseng Corp. eingöngu bundinn við rautt ginseng.“

5.

Með bréfi, dags. 1. júlí 1998, tilkynnti Samkeppnisstofnun Logalandi að í ljósi nýrra upplýsinga sem fyrirtækið hafði komið á framfæri muni málið verða kannað frekar og Logalandi tilkynnt um niðurstöðuna þegar hún lægi fyrir.

Þann 7. júlí sl. sendi Samkeppnisstofnun fyrirspurn til Kóresku viðskiptaskrifstofunnar þar sem leitað var nánari upplýsinga í kjölfar símbréfa skrifstofunnar til Eðalvara og Logalands. Svar hefur ekki borist.

III.

Álit auglýsinganefndar

Á fundi auglýsinganefndar, ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, þann 11. september 1998 var mál þetta tekið til afgreiðslu. Fundinn sátu Atli Freyr Guðmundsson, Jóhannes Gunnarsson og Sólveig Ólafsdóttir. Niðurstaða nefndarinnar var eftirfarandi:

Við málsmeðferð hjá Samkeppnisstofnun hefur komið fram að fyrirtækið Il Hwa framleiðir eingöngu hvítt ginseng. Hvergi á umbúðum ginsengsins sem dreift er hér á landi kemur fram að innihaldið sé hvítt ginseng hvorki í íslenskum né enskum texta. Þá er þessa heldur ekki getið í auglýsingum vörunnar.

Auglýsinganefnd telur, með vísan til framlagðra gagna, að fullyrðingar á umbúðunum um umsvif Il Hwa á sviði útflutnings og ræktunar eigi við um markað hvíts ginsengs í Kóreu. Vilji dreifingaraðili á Íslandi koma upplýsingum þar að lútandi á framfæri við neytendur verður að koma fram að átt sé við markað hvíts ginsengs í Kóreu.

Á grunni framangreinds telur auglýsinganefnd að merkingar á umbúðum II Hwa ginsengs sem Logaland ehf. dreifir séu ófullnægjandi með vísan til 21. gr. samkeppnislaga. Auglýsinganefnd telur að til að fullnægja ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga verði að taka fram á umbúðum II Hwa ginsengs að um sé að ræða hvítt ginseng.

IV. Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 17. september 1998, var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Skarphéðinn Þórisson.

Mál þetta fjallar um merkingar á umbúðum ginsengs frá kóreska fyrirtækinu II Hwa sem dreift er af Logalandi ehf. Á umbúðunum koma fram fullyrðingar um umsvif II Hwa í Kóreu sem mótmælt hefur verið sem röngum af Eðalvörum ehf. sem er keppinautur Logalands.

Að mati samkeppnisráðs kemur 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 til greina í máli þessu en hún hljóðar svo:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Samkeppnisráð er sammála niðurstöðu auglýsinganefndar í máli þessu að taka verði fram á umbúðum ginsengs frá II Hwa að fullyrðingar um umsvif fyrirtækisins eigi við um hvítt ginseng. Sé slíkt ekki gert er um að ræða ófullnægjandi upplýsingar til neytenda sem ætlað sé að hafa áhrif á eftirspurn vörunnar og er það brot á ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

V.

Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 telur samkeppnisráð að merkingar á umbúðum Il Hwa ginsengs sem Logaland ehf. dreifir séu ófullnægjandi þar sem þess sé ekki getið að upplýsingar þær sem þar koma fram um umsvif framleiðanda eiga eingöngu við um markað fyrir hvítt ginseng í Kóreu.“